



1. útgáfa 11.11.2014

# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

- 1.1 Vörukenni:** **Etoxyquin ProtectOx HL 200 kg**  
**Vörunúmer:** **A170 6919570**
- 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:**  
**Viðeigandi notkun** Rotvarnarefni í dýrafóður.  
**Notkun sem ráðið er frá** Engar upplýsingar fyrirleggjandi.
- 1.3 Söluaðili:** **N1** **Framleiðandi:** R2 Group A/S  
Dalvegur 10-14 Odinsvej 25  
201 Kópavogur DK-8722, Hedensted  
Danmörk  
**Sími:** 535 9000 00-45-76752100  
**Netfang:** [n1@n1.is](mailto:n1@n1.is) [che@r2group.eu](mailto:che@r2group.eu)  
**Veffang:** [www.n1.is](http://www.n1.is) [www.r2group.eu](http://www.r2group.eu)
- 1.4 Neyðarsímanúmer:** Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

- 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:**  
**Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**
- H302 Hættulegt við inntöku Bráð.eit. 4
- Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum). (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum):**
- Xn H22 Hættulegt við inntöku
- 2.2 Merkingaratriði:**  
**Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):**
- Hættutákn** 
- Viðvörðunarorð** **VARÚÐ**
- Hættusetningar** H302 Hættulegt við inntöku
- Varnaðarsetningar** P102 Geymist þar sem börn ná ekki til.  
P264 Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.  
P270 Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru.  
P312 Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.  
P330 Skolið munninn.  
P501 Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.
- 2.3 Aðrar hættur:** Inniheldur: Etoxykín (raðnr. 613-014-00-2)  
Sjá einnig 11. og 15. lið.

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Etoxýkín			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	95-100
Raðnúmer	613-014-00-2	Varnaðarmerki:	Xn
EINECS, ELINECS	202-075-7	H-setningar	H22
CAS	91-53-2	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Bráð eit.4 - H302			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

### 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, verði óhapp, sýnið merkimiða eða öryggisblað. Sé einkenni viðvarandi eða vafi leikur á ástandi hins slasaða, skal leita læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með miklu vatni (sturta). Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið ekki þynna eða leysiefni.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni (20-30°C) í amk 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Haldið áfram skolun þar til erting hættir. Leitið annars læknis.
Inntaka	Leitið strax læknis og sýnið öryggisblaðið og merkimiða. Hreinsið munn með vatni og gefið vatn að drekka, sé hinn slasaði með fulla meðvitund. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði. Haldið höfði lágt þannig að efni berist ekki í lungu. Haldið hinum slasaða rólegum til að fyrirbyggja lost. Veitið öndunaraðstoð, stöðvist öndun. Við meðvitundarleysi skal leggja hinn slasaða í læsta hlíðarlegu. Hringið eftir sjúkrabíl.
Bruni	Látið vatn renna á brunasár þar til verkir hverfa. Skolið síðan áfram í 30 mín. Hjálparlið ætti ætíð að gæta að eigin öryggi gagnvart váhrifum af völdum hættulegra efna. Notið persónuhlífar og hreinsið húð vandlega eftir snertingu við slík efni.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Engin sérstök.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Við vanlíðan skal hafa samband við eitrunarmiðstöð eða lækni. Sýnið öryggisblaðið.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Vatnsúði, koldíoxíð, alkóhólpolin froða eða slökkviðuft. Veljið slökkviefni eftir aðstæðum.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki eldfim.  
Við upphitun, t.d. bruna, getur varan myndar hættuleg niðurbrotsefni, þ.á.m. Kolefnisoxíð.  
Einnig myndast þéttur svartur reykur. Snerting við niðurbrotsefni getur verið skaðleg heilsu.  
Slökkvilið ætti að nota viðeigandi hlífðarbúnað. Kælið lokaðar umbúðir með vatni.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið mengað svæði. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað.  
Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

---

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

---

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Notið efnaheldan fatnað og aðrar persónuhlífar.  
Forðist innöndun gufu.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni, t.d. sand, jarðveg, eða kísilgúr. Notið ekki brennanleg efni svo sem sag. Mokið ísogsefninu í viðeigandi ílát (sjá 7.2). Safnið upp öllu losuðu efni. Tæmið allar skaddaðar umbúðir. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni. Forðist notkun leysiefna.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

---

## 7. Meðhöndlun og geymsla

---

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og úða og snertingu við húð, augu eða fatnað. Reykið ekki. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Tæmdar umbúðir geta inni haldið efnaleifar. Notið viðeigandi persónuhlífar. Augnskol og sturtur ættu að vera til staðar þar sem unnið er með vöruna.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið á köldum, vel loftræstum stað. Hindrið aðgang óviðkomandi. Notið aðeins upprunalegar umbúðir. Umbúðir skulu standa uppréttar til að forða leka, vera vel þéttar, og rétt merktar.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Stöðugt við ætlaða notkun og meðferð.

---

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

---

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur:

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

#### Persónuhlífar



Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Reykið ekki. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

#### Augnhlífar

Engar sérstakar kröfur.

#### Húð - hendur

Notið efnahelda hanska. Farið eftir leiðbeiningum framleiðenda varðandi val á hönskum. Athugið að vinna með vöruna fer fram við 35°C, en prófanir skv. staðli EN 374-3 fara fram við 23°C. Gagnstremmistími minnkar því þrefalt.

#### Húð - annað

Mælt er með notkun efnahelds, langerma vinnufatnaðar með höfuð/hálsvörn.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Litur:	Dökkbrúnn
Eðlismassi:	1,03 g/cm <sup>3</sup>

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við ætlaða notkun og meðferð.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Forðist beint sólarljós, sem getur valdið þrýstingshækkun í lokuðum umbúðum.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkar sýrur, basar, oxarar, afoxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Ekkert niðurbrot við ætlaða notkun og meðferð.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Etoxýkín	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	800	mg/kg	rotta	
Stökkbreytingar gerla		Jákvætt			in vivo/ in vitro

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif:

Etoxýkín	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	2,0 mg/l	48 klst	Daphnia	
Þrávirkni og niðurbrot					Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
Uppsöfnun í lífverum					Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
Dreifanleiki					Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
PBT/vPvB					Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

**Vara** Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Gætið vel að reglum um meðferð hættulegra efna.

**Óhreinarn umbúðir** Óhreinarn umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

---

## 14. Upplýsingar um flutninga

---

ADR:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IMDG:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.
IATA:	Varan er ekki flokkuð sem hættulegur farmur.

---

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

---

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Sjá lið 2, varðandi flokkun og merkingu. Reglugerð EB Nr. 1907/2006, Viðauki XVII, EB 1272/2008.

### 15.2 Efnaöryggismat:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

---

## 16. Aðrar upplýsingar

---

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H22	Hættulegt við inntöku
H302	Hættulegt við inntöku

Útgáfa:	1
Dags:	11.11.2014

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:	<b>R2 GROUP A/S</b> <b>Sikkerhedsdatablad</b> <b>ProtectOx HL</b>
Útgáfa:	19.9.2011 Útgáfa: 1.0